

Auglýsing

um

breyting á og viðauka við reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík, 13. mars 1908.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefir Hans hátign konunginum, í dag, allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi

**breyting á og viðauka við
reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild
hins almenna mentaskóla í Reykjavík,
13. mars 1908:**

Við 13. gr. 1. málsgrein bætist:

Þó má meðaleinkunnin í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 8. gr. prófreglugjörðar fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík frá 18. apríl 1907 og 8. gr. prófreglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri frá 14. febrúar 1908, eigi vera lægri en 4, og einkunn í íslenskum stíl eigi lægri en 4, og í enskum og dönskum stíl eigi lægri en 2.

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 18. nóvember 1918.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.